

Frá: Björn Þór Karlsson <bjorn@ip.is>
Sent: mánudagur, 20. ágúst 2018 15:14
Til: Upplýsingar - Pósthólf Símaver <upplysingar@reykjavik.is>
Efni: Fwd: Málskot til umhverfis- og skipulagsráðs

Góðan daginn.

Ég óska eftir því að borgarráð endurskoði ákvörðun skipulags- og samgönguráðs frá því 17. ágúst s.l. (hér að neðan) á meðfylgjandi máli:

15. Skipholt 11-13, málskot (01.242.3) Mál nr. SN180518
660399-3059 Íslensk fjárfesting ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík
Lagt fram málskot Björns Þórs Karlssonar dags. 3. júlí 2018 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 29. júní 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 11-13 við Skipholt sem felst í að heimila rekstur gististaðar í flokki II á 2. og 3. hæð hússins. Til vara var óskað eftir að heimila gististað í flokki II á 3. hæð hússins.
Fyrri afgreiðsla skipulagsfulltrúa frá 29. júní 2018 staðfest.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eypór Laxdal Arnalds, Örn Þórðarson og Valgerður Sigurðardóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Kv

Björn

Begin forwarded message:

From: Björn Þór Karlsson <bjorn@ip.is>
Subject: Málskot til umhverfis- og skipulagsráðs
Date: 3 July 2018 at 11:40:53 GMT
To: USK Skipulag <skipulag@reykjavik.is>

Góðan daginn.

Hér með er eftirfarandi afgreiðslu embættisafgreiðslufundar skipulagsstjóra, dags. 29. júní 2018, skotið til umhverfis- og skipulagsráðs.

24.18 [Skipholt 11-13](#), (fsp) breyting á deiliskipulagi

Lögð fram fyrirspurn Björns Þórs Karlssonar dags. 19. júní 2018 ásamt bréfi dags. 19. júní 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 11-13 við Skipholt sem felst í að heimila rekstur gististaðar í flokki II á 2. og 3. hæð hússins. Til vara er óskað eftir að heimilað verði að vera með gististað í flokki II á 3. hæð hússins. Einnig er lagt fram samþykki hluta eigenda dags. 10. október 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. júní 2018.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. júní 2018.

Meðfylgjandi er umsögn skipulagsfulltrúa ásamt upphaflegu erindi. Í erindinu var AÐALLEGA óskað eftir því að heimilað verði í deiliskipulagi að vera með íbúðagistingu (gististað í flokki II) á 2-3 hæð hússins í Skipholti 11-13. Fyrir liggur þinglýst kvöð um samþykki allra eigenda í Skipholti 11-13. Með erindinu var TIL VARA óskað eftir því að heimilað verði í deiliskipulagi að vera með íbúðagistingu (gististað í flokki II) á eingöngu 3 hæð hússins í Skipholti 11-13.

Kv

Björn

Björn Þór Karlsson

Verkefnastjóri / Lögfræðingur

Íslensk fjárfesting ehf.

bjorn@ip.is

691 9818